



**Skýrsla stjórnar LÍV
október 2019 – október 2021**

Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna frá stofnun

- | | | |
|-----|-------------------------------|--|
| 1. | Stofnfundur 1. - 2. júní 1957 | Reykjavík, hús VR að Vonarstræti |
| 2. | 8. - 10. maí 1959 | Reykjavík, hús VR að Vonarstræti |
| 3. | 5. - 7. maí 1961 | Reykjavík |
| 4. | 3. - 5. maí 1963 | Sauðárkrókur, samkomuhúsið Bifröst |
| 5. | 7. - 9. maí 1965 | Selfoss, samkomusalur Selfossbíós |
| 6. | 17. - 19. febrúar 1967 | Reykjavík, hús Slysavarnarfélags Íslands |
| 7. | 4. - 6. september 1969 | Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar |
| 8. | 25.- 27. febrúar 1972 | Reykjavík, Hótel Esja |
| 9. | 14. - 16. september 1973 | Borgarnes |
| 10. | 3. - 5. október 1975 | Höfn |
| 11. | 4. - 6. nóvember 1977 | Reykjavík, Hótel Loftleiðir |
| 12. | 2. - 4. nóvember 1979 | Stykkishólmur |
| 13. | 12. - 14. júní 1981 | Reykjavík, Hótel Saga |
| 14. | 14. - 16. október 1983 | Húsavík, Hótel Húsavík |
| 15. | 15. - 17. nóvember 1985 | Reykjavík, Hótel Esja |
| 16. | 13. - 15. nóvember 1987 | Akureyri, Alpýðuhúsið |
| 17. | 13. - 15. október 1989 | Reykjavík, Hótel Saga |
| 18. | 24. - 26. maí 1991 | Akureyri, Alpýðuhúsið |
| 19. | 7. - 9. maí 1993 | Reykjavík, Hótel Saga |
| 20. | 26. - 28. maí 1995 | Kirkjubæjarklaustur |
| 21. | 10. - 12. október 1997 | Reykjavík, Grand Hótel |
| 22. | 7. - 9. maí 1999 | Akureyri, Alpýðuhúsið |
| 23. | 26. - 27. október 2001 | Reykjavík, Hótel Saga |
| | 3. - 4. maí 2002 | Akureyri, Hótel KEA |
| 24. | 14. - 15. nóvember 2003 | Reykjavík, Hótel Saga |
| 25. | 11. - 12. nóvember 2005 | Akureyri, Hótel KEA |
| 26. | 2. - 3. nóvember 2007 | Reykjavík, Nordica Hótel |
| | 19. - 20. september 2008 | Akureyri, Hótel KEA |
| 27. | 26. 27. nóvember 2010 | Reykjavík, Nordica Hótel |
| 28. | 8. - 9. nóvember 2013 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| 29. | 16. - 17. október 2015 | Akureyri, Hótel KEA |
| 30. | 13. - 14. október 2017 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| 31. | 18. - 19. október 2019 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| 32. | 14. október 2021 | Fjarfundur |

Fjöldi félagsfólks í aðildarfélögum LÍV 1. janúar 2021

<i>Landsamband verslunarmanna</i>		Greiðandi félagsmenn			
		Karlar	Konur	Annað	Samt:
VR	Félag	15.402	18.158	21	33.581
Stéttarfélag Vesturlands	Deild	60	75	0	135
Stéttarfélagið Samstaða	Deild	18	49	0	67
Framsýn, stéttarfélag	Deild	95	198	0	293
Verslunarmannafélag Skagfirðinga	Félag	90	176	0	266
Félag verslunar- og skrifstofufólks Ak.	Félag	763	1.097	0	1.860
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Deild	120	173	0	293
AFL-Starfsgreinafélag	Deild	104	198	0	302
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Deild	4	15	0	19
Verkalýðsfélag Snæfellinga	Deild	20	39	0	59
		16.676	20.178	21	36.875

<i>Landsamband verslunarmanna</i>		Así - UNG			
		Karlar	Konur	Annað	Samt.:
VR	Félag	6.850	7.188	14	14.052
Stéttarfélag Vesturlands	Deild	43	27	0	70
Stéttarfélagið Samstaða	Deild	8	22	0	30
Framsýn, stéttarfélag	Deild	64	137	0	201
Verslunarmannafélag Skagfirðinga	Félag	50	98	0	148
Félag verslunar- og skrifstofufólks Ak.	Félag	380	551	0	931
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Deild	69	70	0	139
AFL-Starfsgreinafélag	Deild	54	83	0	137
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Deild	4	4	0	8
Verkalýðsfélag Snæfellinga	Deild	16	22	0	38
		7.538	8.202	14	15.754


<i>Landsamband verslunarmanna</i>		Gjaldfj. félagsmenn			
		Karlar	Konur	Annað	Samt:
VR	Félag		2.381	0	2.381
Stéttarfélag Vesturlands	Deild	7	12	0	19
Stéttarfélagið Samstaða	Deild	2	6	0	8
Framsýn, stéttarfélag	Deild	7	19	0	26
Verslunarmannafélag Skagfirðinga	Félag	31	56	0	87
Félag verslunar- og skrifstofufólks Ak.	Félag	116	258	0	374
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Deild	5	18	0	23
AFL-Starfsgreinafélag	Deild	13	34	0	47
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Deild	0	0	0	0
Verkalýðsfélag Snæfellinga	Deild	0	0	0	0
		181	2.784	0	2.965

<i>Landsamband verslunarmanna</i>		Heildarfj.	Heildarfj.	Br. frá fyrra ári
		2021	2020	
VR	Félag	35.962	40.965	-5.003
Stéttarfélag Vesturlands	Deild	154	144	10
Stéttarfélagið Samstaða	Deild	75	74	1
Framsýn, stéttarfélag	Deild	319	330	-11
Verslunarmannafélag Skagfirðinga	Félag	353	347	6
Félag verslunar- og skrifstofufólks Ak.	Félag	2.234	2.301	-67
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Deild	316	392	-76
AFL-Starfsgreinafélag	Deild	349	410	-61
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Deild	19	17	2
Verkalýðsfélag Snæfellinga	Deild	59	66	-7
		39.840	45.046	-5.206


Meðal ársverk

		LÍV	
		Me Ádl	Ver k
201	VR	26.380	
212	Verslunarmannafélag Skagafjarðar	110	
214	FVSA	1.143	
812	Stéttarfélag Vesturlands	86	
814	Stéttarfélagið Samstaða	47	
818	Verkalýðsfélag Snæfellinga	42	
819	Verkalýðsfélag Vestfirðinga	174	
824	Framsýn, stéttarfélag	136	
826	Verkalýðsfélag Þórshafnar	16	
827	AFL-Starfsgreinafélag	209	
	SAMTALS	28.343	


Þróun fjölda félagsfólks, kynjaskipting og hlutfall af vinnumarkaði



Fjöldi karla og kvenna innan LÍV



Hlutfall LÍV af vinnumarkaði í heild



STJÓRN LÍV SÍÐASTA KJÖRTÍMABIL

Formaður Ragnar Þór Ingólfsson

Aðalmenn í stjórn

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR
Eiður Stefánsson, FVSA
Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland
Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar
Bryndís Kjartansdóttir, VR deild Suðurnes

Varamenn í stjórn

Anna Kristín Árnadóttir, FVSA
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Jónína Hermannsdóttir, Framsýn
Dóra Magnúsdóttir, VR (til maí 2020)
Selma Árnadóttir, VR
Þórhildur Ragna Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyjar

VERKASKIPTING STJÓRNAR

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir var kjörin varaformaður til tveggja ára og Eiður Stefánsson ritari sambandsins.



BREYTINGAR Á FRAMKVÆMDASTJÓRN

Dóra Magnúsdóttir var kosin í varastjórn LÍV 2019 en sagði sig frá störfum í maí 2020 þegar hún breytti um starfsvettvang.

SKRIFSTOFAN

LÍV hefur aðstoðu á skrifstofu VR í Kringlunni 7, Reykjavík en VR hefur séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt þjónustusamningi, sem var endurnýjaður árið 2014. Samkvæmt honum eru tekjur til sambandsins hlutfall af grunnfjárhæð á innheimtum skatttekjum LÍV og aukast í hlutfalli við fjölgun félagsmanna. Starfsfólk LÍV á tímabilinu voru Ragnar Þór Ingólfsson, formaður í 37,5% starfi og Elva Hrönn Hjartardóttir í 50% starfi.

FUNDIR

Kjörtímabilið 2019-2021 einkenndist að miklu leyti af heimsfaraldri kórónuveirunnar, Covid-19. Heimsfaraldurinn setti þannig mark sitt á fundahald og erlent samstarf, sem að mestu fór fram í fjarfundum. Til stóð að halda vinnufund fyrir starfsfólk aðildarfélaganna á kjörtímabilinu, líkt og gert var í september 2019, en sökum aðstæðna var sú ákvörðun tekin að halda ekki slíkan fund. Það er þó mikill vilji innan stjórnar til að halda slíka fundi og verður það gert við tækifæri.

Á kjörtímabilinu voru haldnir 19 stjórnarfundir og 1 formannafundur.

Formannafundur 9. júní 2020

Fundurinn var boðaður sem fjarfundur á Zoom, til að taka stöðuna á aðildarfélagunum og fara yfir helstu málefni líðandi stundar. Formenn aðildarfélaganna fóru yfir málin í hverju félagi fyrir sig og var nokkuð ljóst að aðstæður voru mismunandi eftir því um hvaða landshluta ræddi hvað varðar atvinnuleysi og uppsagnir starfsfólks vegna Covid-19. Farið var sérstaklega yfir viss ágreiningsmál sem komu innan ASÍ og úrlausnir þeirra mála. Kjaramálin voru rædd og bar þar hæst umræða um aðstæður launafólks á tímum heimsfaraldurs, tekjutengdar atvinnuleysisbætur og aðgerðir stjórnvalda til að sporna gegn auknu atvinnuleysi, meðal annars. Umræða fór fram um lífshjúðun og endurskoðun á þeim og þá voru húsnæðismál og hlutdeildarlánin einnig rædd, en sú vinna tók langan tíma og var um tíma í kyrrstöðu í fjármálaráðuneytinu.

Alls sátu fundinn 9 fulltrúar frá 8 aðildarfélagum LÍV.

STARFSMENNTASJÓÐIR

Fulltrúar í stjórnnum starfsmenntasjóða

Stjórn SVS 2019:

Arndís Arnarsdóttir, SA Eiður Stefánsson,
LÍV Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR Ingibjörg
Ösp Stefánsdóttir, SA, Sara Dögg
Svanhildardóttir, SA, Teitur Lárusson, VR

Stjórn SVS 2020: Talverðar breytingar áttu sér sér stað í stjórn 2020

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir VR og Teitur Lárusson, VR, sátu í stjórn til maí 2020. Í þeirra stað komu Selma Árnadóttir, VR og Sigurður Sigfússon, VR. Áfram sátu Sara Dögg Svanhildardóttir, SA, Arndís Arnarsdóttir, SA, Eiður Stefánsson, LÍV og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, SA.



Til vara; Gils Einarsson, VR/LÍV og Guðrún B. Hallbjörnsdóttir, VR, Björg Ársælsdóttir SA og Davíð Þorláksson SA.

Starfsmenn: Sólveig L. Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir

Stjórn SV: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, Selma Kristjánsdóttir VR/LÍV, Anna Kristín Kristjánsdóttir, FA og Bjarnís Lárusdóttir, FA.

Starfsmenntastyrkir SVS

Samtals fengu 8.360 árið 2020 og fækkaði um rétt rúmlega 100 einstaklinga frá árinu 2019, en þá fengu 8.478 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári.

Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru samtals. Þar af fengu 714 félagar 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan 2020 sem var að hámarki 390.000 kr. en árið 2019 voru það 665 félagar sem nýttu sér uppsafnaðan rétt.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2020 hækkaði um rúmlega 5.000 kr. og var 70.080 kr. árið 2020 en var 65.904 kr. 2019.

Hlutfall styrkja voru 111% á móti greiddum iðgjöldum til sjóðsins 2020 og 104% 2019. 97% greiddra einstaklingsstyrkja 2020 er vegna starfstengds nám og var 94% árið 2019.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks SVS



Fjöldi fyrirtækjastyrkja var 564 árið 2019 og 519 árið 2020. Árið 2020 bættust þrjú ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en þau voru fimm árið 2019. Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 24 framan af ári en í október 2020 hætti eitt fyrirtækjanna á lækkun og voru þau því samtals 23 í lok árs 2020. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt um rúmlega 57 milljónir í iðgjöld 2020 ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rétt rúmlega 19 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmlega 38 milljónir króna. Þar sem sú tala kemur ekki fram í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Úttekt á Fræðslustjóra að láni

Úttekt var unnin á verkefninu árið 2019 að beiðni sjóðanna og var framkvæmdin í höndum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands. Úttekt á Fræðslustjóra að láni verkefninu veitti sjóðunum tækifæri til endurskoðunar og betrubætingu á umgjörð verkefnisins. Á árinu 2020 hefur umgjörð verkefnisins verið uppfærð í samræmi við þá þætti sem betur máttu fara samkvæmt úttekt Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands.

Breyting á rétti til fyrirtækja

Þann 1. janúar 2020 breyttust forsendur varðandi viðmið við útreikning á rétti til þeirra fyrirtækja sem geta sótt um styrk í sjóðinn. Öll fyrirtæki sem standa í skilum við sjóðinn eiga nú þriggja milljóna króna rétt í sjóðinn á ársgrundvelli (óháð stærð) sem leiddi af sér 18% aukningu á greiddum styrkjum til fyrirtækja árið 2020.

Áður gat hámarksstyrkur sem fyrirtæki gátu sótt numið helmingi af greiddum iðgjöldum þeirra til sjóðsins síðastliðna 36 mánuði og erfitt fyrir fyrirtækin að hafa yfirsýn hver réttur þess var hverju sinni. Mikil einföldun hefur því átt sér stað. Fyrirtæki sækja um styrk í sjóðinn gegnum www.attin.is

Kynningarmál

Áframhaldandi áhersla hefur verið lögð á kynningarmál á árunum 2019 og 2020 með gerð örauglýsinga m.a. um Fagnámið og Diplómanámið sem og annarra auglýsinga sem nota má á samfélagsmiðlum. Einnig hefur sjóðurinn unnið að fjölbreyttari útskýringum á styrkmöguleikum til félagsfólks.

Fagnám verslunar og þjónustu

Á árinu 2019 var haldið áfram með þróunarvinnu um Fagnám og raunfærnimat fyrir starfandi verslunarfólk á vegum starfsmenntasjóðanna, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Þróunarhópur með fulltrúum Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis og þriggja samstarfsfyrirtækja fundaði reglulega yfir árið. Tuttugu manna hópur hóf nám í janúar 2020 og 18 luku raunfærnimati. Um haustið hófu aðrir 20 nemendur göngu sína í fagnámi og raunfærnimati. Fyrsta útskrift í náminu var svo haldin í desember 2020 þegar þrír nemendur útskrifuðust með Fagpróf og einn af þeim með stúdentspróf samhliða.

Viðskiptabraut - Stafræn viðskiptalína til stúdentsprófs

Sjóðurinn kom einnig að mótun nýrrar námslínu til stúdentsprófs hjá Verslunarskólanum. Viðskiptabraut – Stafræn viðskiptalína hóf göngu sína haustið 2019 hjá skólanum og er mjög vinsæll valkostur.

Diplómanám í viðskiptafærði og verslunarstjórnun

Samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu og SVS, HR og Háskólans á Bifröst. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Námið er fjögurra anna nám kennt á Bifröst og í HR og er fyrir starfandi verslunarstjóra og einstaklinga með víðtæka reynslu af verslunarstörfum. Námið er 60 ECTS einingar og gefur möguleika á að ljúka grunngráðu í viðskiptafræði. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og árið 2020 voru 31 nemendur skráðir í námið sem er fjölgun um 13 nemendur frá árinu á undan.

Prepaskipt nám í höfn

Sjóðurinn hefur með ofangreindu samstarfi um fagnám verslunar og þjónustu, Stafrænu viðskiptalínunnar og Diplómanámsins í viðskiptafræði og verslunarstjórnun stuðlað að prepaskiptu námi í verslun og þjónustu og stutt þar með við áframhaldandi nám fyrir þá sem þar starfa.



A  <u>Stúdentsprófsbraut í verslun og stafrænum lausnum</u>	B  <u>Fagnám á framhaldsskólastigi fyrir starfandi verslunarfólk</u>	C  <u>Fagháskólanám fyrir verslunarstjóra</u>
<u>Viðskiptabraut stafræn viðskiptalína</u>	<u>Fagnám verslunar- og þjónustu.</u>	<u>Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun</u>
VERZLUNARSKÓLI ISLANDS		 

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu

Önnur þróunar- og nýsköpunarverkefni

Nýsköpunar og þróunarstyrkir 2019 og 2020

Árið 2019 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Hæfnisetur ferðapjónustunnar; Þróun verkfæris til að einfalda greiningu fræðslubarfa
- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins

Árið 2020 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Mímir: „Starfsmaður 21. aldarinnar“
- Hæfnisetur ferðapjónustunnar: Breytt umhverfi í ferðapjónustu
- Samtök atvinnulífsins: Menntadagur atvinnulífsins
- Símei: Símei-skólinn í veflægu viðmóti
- Intellecta: Árangursrík samskipti

KJARAMÁL

Heimsfaraldur kórónuveirunnar.

Síðastliðin tvö ár hafa vissulega verið krefjandi þar sem samfélagið allt hefur þurft að takast á við fordæmalausar aðstæður. Í einu veffangi þurfti fólk að aðlaga sig að nýju verklagi og nýjum aðstæðum, bæði hvað varðar vinnu og einkalíf, og þurfti sannan samtakamátt til að sigla í gegnum þann ólgusjó sem Covid-19 hafði í för með sér. Verslunarfolk um land allt stóð vaktina í framlínunni og lagði sannarlega sitt af mörkum. Við vorum framlínufólkið sem hélt samfélaginu raunverulega gangandi. Landssambandið er stolt af sínu fólki, sem enn og aftur hefur sannað hve mikilvægt starf þeirra er.

Hópuppsagnir voru algengar í upphafi faraldursins og atvinnuleysi stigmagnaðist, þó misjafnlega eftir landsvæðum. Margir atvinnurekendur sáu sér leik á borði að nýta sér aðstæður til að draga úr réttindum launafólks og hlutverk stéttarfélaganna var mikilvægt sem aldrei fyrr. Stéttarfélagin stóðu þá frammi fyrir þeirri áskorun að ná til félaga sinna á nýjan hátt þar sem samkomutakmarkanir settu mark sitt á starfið. Rafrænar lausnir, fjarfundir og fjarviðburðir

urðu nýr hversdagsleiki í lífi fólks. Þetta er veruleiki sem er að einhverju leyti kominn til að vera og því ljóst að fjarvinna verður eitt af því sem þarf að taka með inn í næstu kjaraviðræður.

Lífskjarasamningurinn.

Lífskjarasamningurinn var stóra málið á þessu tímabili og þurfti verkalýðshreyfingin að standa vörð um hann og halda stjórnvöldum við efnið. Endurskoðunarákvæði samninganna kváðu á um kaupmáttaraukningu, vaxtalækkun og efnidir stjórnvalda. Ljóst var að vel tókst til er varðar aukinn kaupmátt og vextir lækkuðu mun meira en ákvæðin sögðu um, þrátt fyrir þær hækkanir sem þó hafa komið síðustu misseri. Eftir standa stór og mikilvæg mál gagnvart stjórnvöldum og ber þar helst að nefna húsnæðislið vísitölunnar, verðtrygginguna, lífeyrismálin, starfskjaralögin, húsaleigulögin og önnur mikilvæg mál eins og aukið lóðaframboð með skipulagi Keldnaholts. Aðilar vinnumarkaðarins sýndu mikla ábyrgð, í afar erfiðri stöðu, að halda samningum þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda í stórum og mikilvægum málum.

Verkefnin framundan.

Verkefnin framundan eru af stærðargráðu sem eiga sér vart hliðstæðu. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að þrýsta á að þau mál, er standa á stjórnvöld, verði efnd á þeim tíma sem eftir er af gildandi samningi. Við stöndum frami fyrir mikilli óvissu í kjölfar veirufaraldurs á alheimsvísu sem ekki sér fyrir endann á, gríðarlegri skuldsetningu ríkissjóðs vegna þessa, hvernig reikningurinn vegna Covid aðgerða verður greiddur og hvernig honum verður skipt, einni alvarlegustu húsnæðiskreppu sem komið hefur upp, gjörbreyttum aðstæðum á vinnumarkaði vegna fjórðu iðnbyltingarinnar, yfirvofandi vöruskorti og vöruhækkanir, algjöran glundroða í virðisbætur framleiðslu, og síðast en ekki síst aukna hörku og alvarlega atlögu að tilveru stéttarfélaganna og allra þeirra réttinda sem við höfum barist fyrir og áunnið síðustu áratugi.

Uppgjöf ekki valkostur.

Það hefur aldrei verið mikilvægara að standa saman og takast á við verkefnin framundan af yfirvegun og festu. Samtakamáttur heildarinnar spilar þar lykilhlutverk í varnarbaráttunni sem framundan er. Í þeirri baráttu eru mikil sóknarfæri ef okkur tekst að stilla saman strengi okkar og stíga sameinuð fram á völinn gagnvart þeim sem vilja nýta sér góða kreppu og glundroða í að sundra og skerða grundvallar réttindi og lífskjör vinnandi fólks. Sóknarfærin felast í samheldni og festu sem er einmitt það sem einkennt hefur stjórnarstarf LÍV síðasta starfsár. Ár sem áður einkenndust af togstreitu og sundrung meðal verzlunarmanna. Í síðstu kjarasamningum fórum við sundruð af stað en enduðum sameinuð og sterkari sem aldrei fyrr og uppskárur eftir því. Ef við höldum áfram á þessari braut verðum við óstöðvandi og getum horft til baka stolt af árangri okkar við fordæmalausar aðstæður og sagt afkomendum okkar sögur af því hvernig okkur tókst að standa saman, og í lappirnar, frekar en að sundrast þegar mest mæddi á.

Við ætlum ekki að skorast undan þeirri ábyrgð sem á okkur liggur

Við ætlum að taka okkur forystuhlutverk í næstu kjarasamningum

Við munum verjast og sigra

Við trúum og ætlum,

Við verðum og getum,

Við sýnum og sönnum

Hvað í okkur býr.

LAGABREYTINGAR AÐILDARFÉLGA

Samþykktar voru lagabreytingar hjá eftirfarandi aðildarfélögum:
AFLi árið 2020
VR árið 2021

NÝIR FORMENN AÐILDARFÉLAGA OG VERSLUNARDEILDA

Vlf. Snæfellinga

Ólöf Ingibjörg Hallbergsdóttir var kjörin nýr formaður verslunardeildar félagsins í mars 2020.

Framsýn stéttarfélag

Elva Héðinsdóttir tók við formennsku í deild verslunarmanna af Jónínu Hermannsdóttur árið 2020.

FORMENN AÐILDARFÉLAGA OG VERSLUNARDEILDA Í OKTÓBER 2021

VR

Formaður	Ragnar Þór Ingólfsson
Varaformaður	Harpa Sævarsdóttir

FVSA

Formaður	Eiður Stefánsson
Varaformaður	Anna María Elíasdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Formaður	Hjörtur Geirmundsson
Varaformaður	Magnús Sverrisson

Stéttarfélag Vesturlands

Formaður	Signý Jóhannesdóttir
Varaformaður	Sigrún Reynisdóttir
Formaður deildar	María Hrund Guðmundsdóttir
Varaformaður deildar	Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Formaður	Vignir Smári Maríasson
Varaformaður	Dallilja Inga Steinarsdóttir
Formaður deildar	Ólöf Ingibjörg Hallbergsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Formaður	Finnbogi Sveinbjörnsson
Varaformaður	Bergvin Eypórsson
Formaður deildar	Margrét J. Birkisdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Formaður	Guðmundur Finnbogason
Varaformaður	Aðalbjörg Valdemarsdóttir
Formaður deildar	Vigdís Edda Guðbrandsdóttir
Varaformaður deildar	Sigríður A. Guðmundsdóttir

Framsýn Stéttarfélag

Formaður	Aðalsteinn Á. Baldursson
Varaformaður	Ósk Helgadóttir
Formaður deildar	Elva Héðinsdóttir
Varaformaður deildar	Trausti Aðalsteinsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Formaður	Svala Sævarsdóttir
Varaformaður	
Formaður deildar	Svala Sævarsdóttir
Varaformaður deildar	

AFL

Formaður	Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Varaformaður	Sigurður Hólm Freysson
Formaður deildar	Lars Jóhann Andrésson Imsland
Varaformaður deildar	Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

44. þing ASÍ: fór fram á rafrænan hátt í gegnum fjarfundabúnað þann 21. október 2020, en ekki var hægt að halda þingið í staðfundi vegna aðstæðna í samfélaginu sökum kórónuveirunnar. LÍV átti rétt á 99 fulltrúum til setu á þinginu, sem bar yfirskriftina „Réttlát umskipti“. Einungis fastir dagskrárliðir voru afgreiddir á rafræna þinginu, tillaga um fjölgun varaforseta úr tveimur í þrjá var samþykkt og var Ragnar Þór, formaður LÍV, kjörinn 3. varaforseti ASÍ.



Þinginu var svo frestað fram til vorsins 2021 en til stóð að halda framhaldsþing í maí 2021, þegar heimilt væri að koma saman á ný, til að ljúka þeim málum sem var ólokið. Samkomutakmarkanir voru þá enn í gildi og var því þinginu frestað á ný fram í september. Eftir sumarið var þó ljóst að samkomutakmarkanir kæmu enn í veg fyrir að hægt væri að koma saman og lagði því miðstjórn ASÍ til að þinginu yrði slitið án þess að ljúka þeim málum sem átti eftir að ljúka. Tillaga miðstjórnar var tekin fyrir á rafrænu framhaldsþingi sem fór 9. September 2021 og var hún samþykkt. Sömu þingfulltrúar voru boðaðir og sátu rafræna þingið í október 2020.

Í kjörnefnd fyrir 45. þing ASÍ voru tilnefndir fyrir hönd LÍV þeir Eiður Stefánsson, FVSA, og Gils Einarson, VR.

6. þing ASÍ-UNG var haldið í fjarfundi, vegna samkomutakmarkana, þann 11. september 2020 undir yfirskriftinni „Framtíðarsýn ASÍ-UNG - Hlutverk og fyrirkomulag ungliðastarfs innan Alþýðusambandsins.“ Fastir dagskrárliðir og lagabreytingartillögur voru afgreiddar. LÍV átti fimm fulltrúa á þinginu og þar af voru þrjú kjörin í nýja stjórn ASÍ-UNG, sem telur í allt níu aðalfulltrúa. Hulda Björnsdóttir, FVSA, var kjörin til tveggja ára og Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, VR, og Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR, voru kjörin til eins árs. Fulltrúar í stjórn ASÍ-UNG eiga seturétt á þingi ASÍ.

7. þing ASÍ-UNG var haldið í fjarfundi, vegna samkomutakmarkana, þann 24. september 2021. Einu dagskrárliðir þingsins voru skýrsla stjórnar og kosning til fjögurra sæta í stjórn og þriggja í varastjórn. Þorvarður Bergmann var endurkjörinn í stjórn og eru þau Hulda Björnsdóttir því áfram fulltrúar LÍV í stjórn ASÍ-UNG. Allri málefnavinnu var aflýst og mun hún því bíða 8. þings sem áætlað er að halda í september 2022.

Fulltrúar LÍV í nefndum á vegum ASÍ

Miðstjórn:

Aðalmenn frá LÍV: Ragnar Þór Ingólfsson, VR, Eiður Stefánsson, FVSA, Harpa Sævarsdóttir, VR, og Helga Ingólfssdóttir, VR.

Til vara: Bjarni Þór Sigurðsson, VR, Gils Einarsson, VR, Hulda Björnsdóttir, FVSA, Selma Björk Grétarsdóttir, VR, og Sigmundur Halldórsson, VR.

Skoðunarmenn: Anna María Elíasdóttir, FVSA, og Ásta Björk Ólafsdóttir, VR, til vara.

Fastanefndir

Alþjóðanefnd: Elva Hrönn Hjartardóttir. Til vara: Sigmundur Halldórsson.

Efnahags-, og skattanefnd: Helga Ingólfssdóttir. Til vara: Selma Björk Grétarsdóttir.

Húsnæðisnefnd: Helga Ingólfssdóttir og Bjarni Sigurðsson. Til vara: Arnþór Sigurðsson.
Fyrir ASÍ-UNG: Þorvarður Bergmann Kjartansson

Vinumarkaðs-, atvinnuá- og jafnréttisnefnd: Gils Einarsson. Til vara: Lars Jóhann Andrússon. Fyrir ASÍ-UNG: Lilja Hrönn Gunnarsdóttir. Til vara: Hulda Björnsdóttir.

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd: Ragnar Þór Ingólfsson og Harpa Sævarsdóttir. Til vara: Helga Ingólfssdóttir og Jakob Þór Einarsson.

Menntanefnd: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Til vara: Selma Kristjánsdóttir.

Umhverfis- og neytendanefnd: Harpa Sævarsdóttir. Til vara: Selma Björk Grétarsdóttir.

Fjölmíðla- og kynningarnefnd: Ragnar Þór Ingólfsson og Sigmundur Halldórsson. Til vara: Bjarni Sigurðsson. Fyrir ASÍ-UNG: Hulda Björnsdóttir.

Skipulags- og starfsháttanefnd: Eiður Stefánsson. Til vara: Ragnar Þór Ingólfsson.

Laganefnd: Eiður Stefánsson. Engir varamenn eru í nefndinni

Starfs- og fjárhagsnefnd: Ragnar Þór Ingólfsson. Engir varamenn eru í nefndinni

ASÍ-UNG: Hulda Björnsdóttir, 2020-2022, Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, 2020-2021 og Þorvarður Bergmann Kjartansson, 2020-2021 og 2021-2022.

Fulltrúar LÍV skipaðir af ASÍ í nefndir, stjórnir og ráð

Samstarfsverkefni með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum

Bjarg íbúðafélag: Bjarni Þór Sigurðsson. Ragnar Þór Ingólfsson til vara

Fagráð Hæfniseturs ferðaþjónustunnar: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA: Selma Kristjánsdóttir til vara til 2022

Kjararannsóknarnefnd: Ragnar Þór Ingólfsson

VIRK - starfsendurhæfingarsjóður: Ragnar Þór Ingólfsson til 2021

Fulltrúaráð VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs: Gils Einarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Herdís Magnúsdóttir, Eiður Stefánsson og Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir

Skjól – fulltrúaráð: Rannveig Sigurðardóttir til 2021

Öldrunarráð: Sigurður Sigfússon til 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins: Helga Ingólfssdóttir til vara

Félagsmálaráðuneytið

Atvinnuleysistryggingasjóður: Helga Ingólfssdóttir til 2022

Fulltrúar Menningar- og fræðslusambands alþýðu – MFA – í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu:
Kristín M. Björnsdóttir. Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til vara til 2021

Starfshópur um tillögur að aðgerðum fyrir heimilin vegna Covid-19: Ragnar Þór Ingólfsson

Vinnumarkaðsráð Suðurlands: Gils Einarsson til vara

Vinnumarkaðsráð Suðurnesja: Bryndís Kjartansdóttir til vara til 2023

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina: Selma Kristjánsdóttir til vara

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Eiður Stefánsson.
Teitur Lárusson og Kristín M. Björnsdóttir til vara

Listasafn ASÍ – rekstrarstjórn: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til tveggja ára

Mímir - símenntun: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Selma Kristjánsdóttir til vara til 2022

Erlent samstarf LÍV

ALMENNT UM ERLENDA SAMSTARFIÐ Á TÍMABILINU 2019 – 2021

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði veruleg áhrif á erlenda samstarfið, sem nú er hægt og rólega að komast aftur í fyrra horf, en sökum Covid hafa fundir, þing og ráðstefnur verið í lágmarki. Allt tekur sinn tíma og raunveruleikinn í kringum okkur er allt annar en hér heima hvað Covid varðar. Því er ljóst að rafrænir fundir og -viðburðir verða áfram fastir liðir þegar kemur að erlenda samstarfinu, að minnsta kosti enn um sinn. Verkalýðshreyfingin bæði í Evrópu og á alþjóðavísu hefur staðið að hinum ýmsu rafrænu viðburðum sem oft eru opinir óbreyttum félagsmönnum aðildarfélaganna. LÍV hefur reynt að hafa augun opin fyrir þeim viðburðum og komið upplýsingum áfram á aðildarfélög LÍV eftir fremsta megni og er félagsfólk hvatt til að nýta sér þau.

Samskipti og aðrir þættir í okkar daglega lífi, eins og til dæmis verslun, fara nú fram á annan hátt en áður. Það er því kannski ekki að ástæðulausu sem stafræn þróun og gervigreind eru á meðal þess sem verkalýðshreyfingin á alþjóðavettvangi, og hér heima, leggur mikla áherslu á og að launafólk sé í stakk búið til að takast á við þær tæknibreytingar sem við erum að upplifa og komum til með að upplifa í náinni framtíð.

Alþjóðasamstarfið er mikilvægt sem aldrei fyrr enda kalla nýir tímar á ný úrræði og er mikilvægt að verkalýðshreyfingin á alþjóðavísu standi saman vörð um réttindi launafólks, sem eiga undir högg að sækja þessi misserin. Því er nauðsynlegt að alþjóðaverkalýðshreyfingin eigi reglulega samtal og beri saman bækur sínar. Áhrif Covid á réttindi launafólks, sérstaklega kvenna og jaðarsettra hópa, fjarvinna, loftslagsmál og atvinnulýðræði, auk stafrænnar þróunar, eru málefni sem eru áberandi í umræðunni, ásamt öðru sem snýr að réttindum launafólks og samfélagsins okkar almennt.

YFIRLIT YFIR FUNDI Á TÍMABILINU

Samtök	Hvenær	Hvað	Hvar
UNI Nordic ICTS	27. janúar 2020	Stjórnarfundur	Osló
UNI Norden	12. mars 2020	Fundur	Fjar/Osló
UNI Nordic ICTS	4. júní 2020	Stjórnarfundur	Fjarfundur
UNI Norden	4. júní 2020	Fundur	Fjarfundur
Nordisk Samarbeidskomite	4. september 2020	Ársfundur	Fjarfundur
UNI Norden	2. október 2020	Fundur	Fjarfundur
UNI Commerce	23.nóv.20	IKEA Alliance meeting	Fjarfundur
Nordisk Handel	1. desember 2020	AU fundur	Fjarfundur
UNI Norden	22. janúar 2021	Fundur	Fjarfundur
Nordisk Handel	29. janúar 2021	AU fundur	Fjarfundur
UNI Nordic ICTS	10. febrúar 2021	Stjórnarfundur	Fjarfundur
UNI Nordic ICTS	10. febrúar 2021	Ársfundur	Fjarfundur
Nordisk Handel	19. mars 2021	AU fundur	Fjarfundur
UNI Norden	12. apríl 2021	Undirbúningsfundur fyrir þing UNI Europa síðar í	Fjarfundur
UNI Europa Women Committ	26. apríl 2021	Kvinnaráðstefna	Fjarfundur
UNI Europa	27.-29. apríl 2021	UNI Europa Congress - þing	Fjarfundur
Nordisk Handel	29. apríl 2021	AU fundur	Fjarfundur
UNI Nordic ICTS	11.jún.21	Stjórnarfundur	Fjarfundur
Nordisk Handel	3.sep.21	AU fundur	Fjarfundur
UNI Norden	8.okt.21	Fundur	Fjarfundur

DÆMI UM NÁMSKEIÐ Á TÍMABILINU

Samtök	Hvenær	Hvað
UNI Youth	29. júní og 6. júlí	Webinar
ETUI / ETF / UNI Europa	20. og 21. Október 2020	Webinar
ETUC	26. nóvember 2020	Webinar on More Democracy at Work
UNI Europa	8.-9. desember 2020	Webinar um loftslagsmál
UNI Europa	10.des.20	Vefráðstefna

UM ALÞJÓÐLEGAN SAMSTARFSVETTIVANG

Norræna samstarfið á vegum LÍV fer að mestu leyti fram í tveimur samböndum NS (Nordisk Samarbeidskomité) og NH (Nordisk Handel). Þátttaka hefur jafnframt verið nokkur á fundum á vegum UNI Global Union. Mikilvægt er að viðhalda samstarfinu þar sem LÍV sækir þekkingu- og miðlar til samstarfsfélaga og samstarfið eykur samstöðu verkalyðsfélaga milli landa.

NS – NORDISK SAMARBEIDSKOMITE



NS er samstarfsvettvangur landssambanda á Norðurlöndum en þau eru LÍV, HK Danmörku, HK Noregi, Handels Svíþjóð, og PAM í Finnlandi. Öll samböndin eru innan LO/ASÍ en meginmarkmið þeirra er að tengja löndin saman í kjarabaráttu og kynna hvort fyrir öðru félagslega, pólitíska og efnahagsleg stöðu í hverju landi. Jafnframt er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi og samstarfinu innan UNI. Samstarfsvettvangurinn hefur staðið fyrir námskeiðum og námsstefnum og einnig lagt fjármuni í að styðja við kjarabaráttu í öðrum löndum. Forsendan fyrir aðild að NS er aðild að UNI. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar (AU) og ársfundur. Á vinnufundi á hvert land 1 fulltrúa en á ársfundi hefur LÍV heimild fyrir tveimur fulltrúum.

NH – NORDISK HANDEL

NH er samstarf landssambandanna LÍV, HK Handel í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, Handels, Unionen í Svíþjóð og PAM í Finnlandi. Samstarfið er bundið við verslunargeirann og er markmið NH að vinna að málefnum sem snúa að verslun, undirbúningi félagslegrar umræðu í Evrópu varðandi verslun og fylgja eftir áherslum Norðurlandanna innan UNI Commerce Europa. Í tengslum við ársfund NH hefur samstarfið staðið fyrir fundi með atvinnurekendum og er fulltrúa frá SA boðið. NH hefur staðið fyrir fundum fyrir starfsfólk og forystu sambandanna um ákveðin málefni tengdum verslun. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Unionen er ekki innan LO.

UNI GLOBAL UNION



UNI Global Union var stofnað sem Union Network International árið 2000. Með sameiningu fjögurra alþjóðasamtaka FIET (International Federation of Employees, Technicians and Managers) MEI (Media and Entertainment International), IGF (International Graphical Federation) og CI (Communications International). Í mars árið 2009 breytti Union Network International nafninu sínu í UNI Global Union. UNI er málsvari um 20 milljóna félagsfólks í þjónustugreinum (fjármál, ferðaþjónusta, verslun, upplýsinga- og samskiptatækni, tækni- og þjónustustarfsemi, flutningar og fl.) í um 900 landssamböndum og landsfélögum í 150 löndum. Stefna sambandsins er að byggja upp samstöðu hjá vinnandi fólki með því að auka þekkingu og hæfni,



tryggja réttlæti og jafnrétti fyrir félagsfólk. Stéttarfélag innan UNI hafa beitt sér langt út fyrir vinnustaðina, stéttarfélag eru sterkur þrýstihópur á nánast allt sem viðkemur velferð félagsfólks. Mikil vinna er framundan hjá UNI Global Union að berjast á móti græðgi stórfyrirtækja sem reyna að komast hjá því að greiða mannsæmandi laun og skatta til samfélagsins. UNI Global Union beita sér fyrir jafnrétti kynja og gegn allri mismunun. UNI hefur samþykkt 52 alþjóðlega samninga við fjölbjóðleg fyrirtæki sem miða að því að bæta vinnuskilyrði starfsfólks, laun og tryggja að fyrirtækin starfi með ábyrgum hætti fyrir um 10 milljón starfsfólks þeirra. UNI á sæti í Global Compact innan Sameinuðu þjóðanna, G20 og World Economic Forum. Aðeins landssamtök geta fengið aðild að samtökunum og eru höfuðstöðvar þeirra í Nyon í Sviss ásamt skrifstofu í Brussel. Ásamt LÍV eiga Rafis og Samtök Starfsfólks Fjármálafyrirtækja aðild að UNI. Þing innan UNI eru haldin á 4 ára fresti.

UNI EUROPA

UNI Evrópa er bakbeinið í UNI Global og mikilvægt í stuðningi við systursamtök í öðrum heimsálfum. Norðurlöndin eiga 10 sæti í stjórn.

UNI GLOBAL COMMERCE

Fjöldi félagsfólks er um 4 milljónir í smásölu og heildsölu í 35 löndum með um 60 stéttarfélag. UNI Global Commerce vinnur að því að bæta lífskjör launafólks í smásölu og heildsölu með því að skapa tengslanet, styrkja stéttarfélagin og aðstoða við gerð samninga við alþjóðleg fyrirtæki.

UNI GLOBAL ICTS



Um 3 milljónir félagsfólks í upplýsinga-, samskipta-, tækni og þjónustugreinum. UNI ICTS hefur gert samninga við nokkra af stærstu atvinnurekendum í heimi. Auk LÍV eiga Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Félag bókkagerðarmanna, Póstmannafélag Íslands og Félag ísl. símamanna í gegnum Rafiðnaðarsambandið aðild að UNI ICTS. Samtökin vinna að því að byggja upp samstöðu og vinna að réttindum félagsfólks og bættum vinnuaðstæðum um allan heim.

UNI NORDIC ICTS

Samstarf landssambanda á Norðurlöndum. Tilgangur samstarfsins er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli stéttarféлага og landa og fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI ICTS Evrópa. Haldnir eru ársfundir og stjórnar-/vinnufundir.

SYSTURSAMTÖK Á NORÐURLÖNDUM

Mikil samvinna er á milli landssambanda verslunar- og skrifstofufólks á Norðurlöndum. Formenn hittast reglulega á fundum hjá NH, NS og UNI. Þing sambandanna eru haldin á 4 ára fresti.

Systursamtökin eru: HK í Danmörku (*HK Handel*), PAM í Finnlandi, HK í Noregi, Handels í Svíþjóð og UNIONEN í Svíþjóð

Skýrslur aðildarfélaga



Almenn starfsemi og þjónusta 2019-2020

	2020	2019
Fjöldi félagsmanna	36.503	37.375
Fjöldi sem greiddi til félagsins a.m.k. einu sinni á árinu	45.893	48.326
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.469	1.920
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsmanna	8.020	8.159
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	14.971	17.141
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði VR	1.458	1.552
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	464	397
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	5.532	4.920

Rekstur félagsins og húsnæði

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Selfossi, Reykjanesbæ og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Í byrjun mars 2021 voru 69 starfandi hjá VR í rúmlega 61 stöðugildi.

Á árinu 2020 voru 76 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 20 orlofshús og 1 hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2020 voru 5.532 samanborið við 4.920 árið 2019. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri. Á hátíðarfundum í tilefni af 130 ára afmæli VR þann 27. janúar 2021 samþykkti stjórn félagsins að kaupa fjögur ný orlofshús í Hálöndum við Akureyri en VR á fyrir fjögur hús á svæðinu. Fyrirhugað er að taka húsin í notkun í byrjun árs 2022.

Formaður VR er Ragnar Þór Ingólfsson.

Félagsstarf og fundir:

Stjórn VR fundaði alls 16 sinnum á starfsárinu, þar af var einn hátíðarfundur í tilefni af 130 ára afmæli félagsins og einn vinnufundur stjórnar. Langflestir fundir stjórnar VR á tímabilinu voru rafrænir.

Trúnaðarráð VR fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Alls var haldinn einn félagsfundur á starfsárinu, þann 4. mars 2021 þar sem frambjóðendur til formanns og stjórnar kynntu áherslur sínar. Fundurinn var rafrænn.

Aðalfundur var haldinn þann 25. mars 2020. Ársfundir deilda VR voru haldnir á Austurlandi, í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi.

Sjúkrasjóður:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2020		2019	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.267	1.756.260.118	1.335	1.919.709.464
Dánarbætur	96	45.047.550	131	52.378.275
Örorkubætur	11	19.092.990	10	17.432.730
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	114	21.423.245	113	20.737.769
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.458	1.841.823.903	1.552	2.010.258.238
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		18.511.044		17.175.798

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Á árinu 2020 voru 76 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 20 orlofshús og 1 hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2020 voru 5.532 samanborið við 4.920 árið 2019. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri. Á hátíðarfundum í tilefni af 130 ára afmæli VR þann 27. janúar 2021 samþykkti stjórn félagsins að kaupa fjögur ný orlofshús í Hálöndum við Akureyri en VR á fyrir fjögur hús á svæðinu. Fyrirhugað er að taka húsin í notkun í byrjun árs 2022.

Fræðslumál:

Á árinu 2020 voru greiddar tæplega 722 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 698 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er 3,4%. Umsóknir félagsmanna VR um styrk árið 2020 voru alls 10.274 en voru 10.501 árið áður. Á árinu 2020 fengu 714 félagsmenn greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en þeir voru 665 árið 2019.

Stafræna hæfnihjólíð. Frá nóvember 2019 hefur VR boðið félagsmönnum og landsmönnum öllum upp á rafrænt sjálfsmatspróf að danskri fyrirmynd, Stafræna hæfnihjólíð, sem gerir félagsmönnum kleift að kortleggja betur eigin stafræna hæfni og kynna þeim þá þætti sem flokkast almennt undir þá hæfni.

Atvinnumál svæðisins:

Sértæk þjónusta við félagsmenn í atvinnuleit

Vorið 2020 var ljóst að fjölmargir félagsmenn myndu missa vinnuna vegna efnahagslegra áhrifa Covid-19 faraldursins. Þá þegar var hafist handa við að hanna sértæka þjónustu við félagsmenn í atvinnuleit og hafa margvísleg úrræði verið í boði frá og með hausti 2020. Boðið er upp á stöðufundi með félagsmönnum og aðstoð við framsetningu ferilskráa og kynningarbréfa. Félagsmönnum standa til boða æfingaviðtöl með endurgjöf sem og eftirfylgni í umsóknarferlinu. Fjölmörg námskeið og fyrirlestrar hafa verið í boði, m.a.

hópmarkþjálfunarnámskeið. Flest úrræðin voru lengi vel eingöngu rafræn, nema stöku námskeið. Í byrjun mars höfðu rúmlega 100 félagsmenn nýtt sér þessa nýju þjónustu atvinnuráðgjafa VR. Að meðaltali er fundað þrisvar sinnum með hverjum félagsmanni, um klukkustund í senn. Rúmlega þriðjungur þeirra sem notið hafa aðstoðar er af erlendu bergi brotinn.

Vinnustaðaeftirlit

Árið 2010 tók gildi samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskirteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Covid faraldurinn hefur haft afgerandi áhrif á þennan þátt í starfsemi stéttarfélaga. Hvorki vildu stéttarfélag verða til þess að dreifa veiru milli vinnustaða með heimsóknum eftirlitsfulltrúa né fyrirtæki fá heimsóknir frá utanaðkomandi. Tilmæli sóttvarnaryfirvalda og reglugerðir heilbrigðisyfirvalda voru því með þeim hætti að eftirlitinu var hætt tímabundið. Skráningar á vegum VR í gagnagrunn eftirlitsins voru því aðeins rúmlega 300 á árinu 2020 en voru um 2.000 árið 2019. Frá og með 1. mars 2021 heimilaði sóttvarnarlæknir vinnustaðaeftirlitið að nýju, að teknu tilliti til sóttvarnarreglna sem í gildi eru á hverjum tíma.

Á starfsárinu fór fram allsherjarendurskoðun á vinnubrögðum og verkferlum við eftirlitið auk þess sem nú stendur yfir vinna við enduskoðun á skráningarkerfinu. Markmiðið er að auka hagræði og flýta skráningarferlinu í framtíðinni.

Samskipti við atvinnurekendur:

Kjarasamningar

Eins og greint var frá í ársskýrslu VR starfsárið 2019 – 2020 var skrifað undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd Rio Tinto vegna starfsfólks í álverinu í Straumsvík þann 18. mars 2020. Atkvæðagreiðsla um saminginn lauk þann 27. mars 2020 og var hann samþykktur með 92,3% atkvæða félagsmanna VR og Hlífar. Nei sögðu 5,8% og 1,9% tóku ekki afstöðu.

Samningurinn var skammtímasamningur með þeim fyrirvara að fyrirtækið næði samningum fyrir lok júní 2020 við Landsvirkjun um verð á raforku. Það gekk ekki eftir og þegar samningaviðræður um nýjan kjarasamning skiluðu engu var boðað til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun hjá fyrirtækinu í lok september. Félagsmenn VR felldu boðun verkfalla á jöfnu, fimm sögðu já, fjórir sögðu nei og einn tók ekki afstöðu en meirihluta greiddra atkvæða þarf til að samþykkja verkfall. Félagsmenn hinna fimm verkalýðsfélaganna hjá fyrirtækinu samþykktu verkfallsaðgerðir. Í byrjun nóvember náðist hins vegar samkomulag um framlengingu kjarasamnings milli fyrirtækisins annars vegar og VR og Verkalýðsfélagsins Hlífar hins vegar. Í atkvæðagreiðsla um samninginn var hann samþykktur með ríflega 90% atkvæða. Samningurinn gildir til loka maí 2021.

Eftir að samningaviðræður um nýjan kjarasamning við Norðurál runnu út í sandinn um mitt ár 2020 var boðað til kosninga um verkfallsaðgerðir félagsmanna VR sem starfa hjá fyrirtækinu sem og annars starfsfólks. Atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun lauk þann 29. júlí og var samþykkt með 95% atkvæða að hefja ótímabundið yfirvinnubann og, í framhaldi af því, verkfall frá og með 1. desember 2020, ef ekki næðist samningur fyrr. Á kjörskrá var 71 félagsmaður VR, atkvæði greiddi 21, já sögðu 20 en 1 sagði nei. Eftir fundahöld hjá ríkissáttasemjara náðist hins vegar kjarasamningur um miðjan október sem borinn var undir atkvæði starfsfólks allra stéttarfélaga hjá fyrirtækinu. Kosningin var sameiginleg og var samningurinn samþykktur með 89,2% atkvæða. Samningurinn er í öllum meginatriðum samhljóma Lífskjarasamningnum og

kveður m.a. á um styttingu vinnutíma hjá dagvinnufólki. Hann er afturvirkur frá 1. janúar 2020 og gildir til 31. desember 2024.

Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2020 til 2021 var VR með 140 mál í vinnslu, þar af voru 82 mál hjá lögmanni félagsins. Alls voru 109 af þessum málum vegna ársins 2020, 22 mál má rekja til ársins 2019 en 9 mál voru þaðan af eldri.

Annað:

VR 130 ára

Þann 27. janúar árið 1891 var Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnað á fundi í veitingahúsinu Hermes við Lækjargötu í Reykjavík og fagnaði félagið því 130 ára afmæli á starfsárinu. Af því tilefni var haldinn hátíðarfundur stjórnar VR á afmælisdeginum í gamla Lækjargötuhúsinu sem nú stendur á Árbæjarsafni. Þá stóð félagið fyrir hátíðardagskrá sem sýnd var á vef þess og fréttavefnum visi.is þar sem m.a. var rætt við fimm fyrrum formenn. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, flutti ávarp í tilefni dagsins og Vandræðaskáld fluttu frumsamið lag um félagið. Sérstök hátíðarauglýsing var frumsýnd um miðjan mars þar sem stiklað var á stóru í sögu félagsins og minnt á hvernig VR hefur í gegnum tíðina staðið vörð bæði um vinnu- og hvíldartíma félagsmanna sinna. Auglýsingin hefur verið birt við sérstök tækifæri á afmælisárinu.

Áhrif Covid-19

Í upphafi árs 2020 gætti fyrst áhrifa Covid-19, faraldurs kórónuveirunnar, á Íslandi. Fljótlega var ljóst að áhrifin á vinnumarkaðinn og launafólk yrðu mikil þó ekki lægi fyrir hversu lengi þau myndu vara. Félagið brást strax við og hefur farið eftir þeim tilmælum sem sóttvarnaryfirvöld hafa gefið út frá upphafi faraldursins. Þjónusta við félagsmenn færðist að stórum hluta á netið og móttöku félagsins á skrifstofum þess var lokað hluta ársins. Covid-19 faraldurinn setti þannig mark sitt á félagsmenn VR, störf þeirra og starfsumhverfi sem og þjónustu félagsins allt starfsár stjórnar 2020 - 2021.

FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI



Þróun félagsmannafjölda:

Örlítil fækkun er meðal félagsmanna frá 2019 til 2020, þróun sem hófst í kjölfar síðustu kjarasamninga, aðallega meðal stjórnenda. Þá hafa gul stéttarfélag verið dugleg að ná til sín félagsmönnum með loforði um lægra félagsgjald og enga viðleitni til verkfalla. Fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 2.440 þar af 373 lífeyrisþegar. Konur eru rúmlega 60% félagsmanna.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Rekstur félagsins hefur gengið vel undanfarin ár. Heildartekjur allra sjóða lækka um 1,22% en félagagjaldið eitt og sér hækkaði um 1,46 % milli ára; félagsmenn fóru margir á hlutabótaleið eða nýttu önnur úræði stjórnvalda með tilheyrandi tekjulækkun. Tekjur félagsins voru 196.686.472 milljónir á síðasta ári, auk annarra tekna upp á 12 milljónir. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam rekstrarafgangur félagsins kr. 21 mkr. og eigið fé í árslok nam kr. 289,5 mkr. Félagið var með fimm starfsmenn í 4,6 stöðugildum. Skrifstofa félagsins er á þriðju hæð Alþýðuhússins að Skipagötu 14 á Akureyri, Þá sér félagið um 11% rekstrarhlut sameiginlegrar skrifstofu stéttarfélagana við Eyjafjörð á Siglufirði.

Formaður FVSA er Eiður Stefánsson.

Félagsstarf og fundir:

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar reglulega. Trúnaðarráð skipað 21 féлага, fundar 2-3 sinnum á ári. Almennir félagsfundir og vinnustaðafundir voru ekki haldnir vegna covid. Árlega er haldinn starfsdagur allra kjörinna fulltrúa félagsins og starfsmanna. Á þeim fundi kjósa félagslegir trúnaðarmenn FVSA átta manns úr sínum röðum í Trúnaðarráð. Fundurinn er með blönduðu efni ætlaður bæði til gagns og gamans.

FVSA fagnaði 90 ára afmæli 2020

Félagið fagnaði 90 ára afmæli þann 2. nóvember 2020 og kom það í hlut afmælissýningar að skipuleggja viðburði yfir árið. Í byrjun ársins var gefið út dagatal sem var dreift á hvert heimili á þjónustusvæði FVSA. Í febrúar bauð félagið félagsmönnum í leikhús á sýninguna Djáknin á Myrká og þáðu 240 félagsmenn boðið. Aðrar samkomur og veisluhöld sem nefndin lagði upp með féllu svo niður sökum covid, en á sjálfum afmælisdaginum voru fjöldatakmarkanir upp á 10 manns.

Af þessum sökum var ákveðið að setja upp afmælissýningu Glerártorgi. Sýningin, sem opnaði 30. október, stóð í þrjár vikur og samanstóð af svipmyndum úr sögu félagsins í máli og myndum. Að auki voru ýmsir munir frá lðnaðarsafninu til sýnis sem lýsa tíðaranda og þeim breytingum sem hafa orðið í starfsumhverfi félagsmanna síðastliðin 90 ár.

Í tengslum við afmælið styrkti FVSA eftirtalin félagasamtök til góðra verka:

- Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis 1.000.000 kr.
- Mæðrastyrksnefnd Akureyrar 1.000.000 kr.
- Kvennaathvarf Akureyrar 1.000.000 kr.
- lðnaðarsafnið 150.000 kr.
- Jóladaðstoð 500.000 kr.

Sjúkrasjóður:

Álag á sjúkrasjóð félagsins hefur aukist ár frá ári síðan 2017 og í upphafi covid átti stjórn sjúkrasjóðsins von á mikilli aukningu á greiðslum sjúkradagpeninga, en aukningin var aðeins upp á 3,85% og heildargreiðslur sjúkradagpeninga voru 52.452.289 kr. árið 2020. Öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á sex íbúðir við Mánatún í Reykjavík, fimm eru í almennri leigu til félagsmanna og ein er nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið 3 orlofshús, þau eru einnig í helgarleigu yfir vetrarmánuðina. Þá á félagið stórt og glæsilegt frístundahús í Vaglaskógi. Auk þess tekur félagið nokkur orlofshús á leigu yfir sumarmánuðina. Orlofsstyrkjum og útilegukortum er úthlutað. Gisting á Fosshótelum og inneignarbréf í flug er niðurgreitt til félagsmanna. Veidikortið og Útilegukortið eru til sölu á hagstæðum kjörum á skrifstofunni.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnuleysi jókst á milli ára. Að meðaltali greiddu 250 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum og hlutabótum til félagsins og er það mikil aukning á milli ára, flestir í apríl (660) en fæstir í janúar (74). Til samanburðar greiddu að meðaltali 52 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins árið 2019 og er aukningin því um 380%.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur hafa verið í góðu lagi í langflestum tilfellum.

Fræðslumál:

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið. Á árinu 2020 voru 29.2 milljónir greiddar í styrki til 361 félagsmanna úr starfsmenntasjóðum verslunarmanna.

Fræðsla fyrir 10. Bekkinga; FVSA stóð fyrir fræðslu í grunnskólum Akureyrar og nágrannasveitarfélögum fyrir nemendur í 10. bekk. Fjallað var um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Vegna covid fór fræðslan fram í fjarfundi gegnum Teams og voru nemendur ýmist í skólanum eða heima hjá sér að fylgjast með. Fræðslunni var vel tekið og krakkarnir áhugasamir um málefnið. Þeir skólar sem fengu fræðslu voru; Brekkuskóli, Glerárskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli, Naustaskóli og Lundarskóli. Skipulag fræðslunnar var í höndum forvarnaráðgjafa á vegum Akureyrarbæjar.

Annað:

- Stéttarfélögin við Eyjafjörð standa sameiginlega að hátíðarhöldum 1. maí og skiptast á að vera í forsvari fyrir 1. maí nefndinni. Árið 2020 féll hefðbundin kröfuganga og kaffi niður, en þess í stað stóðu stéttarfélögin fyrir skemmtidagsrá í sjónvarpsþætti á N4 þar sem formenn félaganna voru teknir tali.
- Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, Virk starfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri.

Verzlunarmannafélag Skagafjarðar



Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2019 voru þeir 194 en í árslok 2020 voru þeir 184. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi er nánast ekkert hjá félagsmönnum.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Hagnaður félagsins árið 2019 var tæplega 5,7 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 4,9 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 7,5 milljónir. Árið 2020 var hagnaðurinn rúmlega 20 milljónir og þar af voru fjármagnstekjurnar 5,9 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 8,8 milljónir. Eignir félagsins í árslok 2020 voru rúmlega 228 milljónir.

Formaður Verzlunarmannafélags Skagafjarðar er Hjörtur Geirmundsson.

Félagsstarf og fundir:

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru síðan 1-2 á hverju ári.

Sjúkrasjóður:

Rekstur sjúðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en s.l. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga og þá sérstaklega til ungra félagsmanna sem er ákveðið áhyggjuefni. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar ofl. Á hverju ári eru í kringum 120-130 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjúðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjúðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um s.l. áramót var rúmlega 115 milljónir. Þá hefur sjúðurinn átt um langt árabil íbúð í Reykjavík ásamt tveimur stéttarfélagunum í Skagafirði sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna. Þá hefur félagið greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 40-50 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Félagið hefur einnig niðurgreitt ákveðna gistimöguleika á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Á árinu 2020 námu þessir styrkir um 760 þúsund kr.

Fræðslumál:

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 30 – 40 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum.

Félagsmenn eru duglegir bæði við starfstengt nám og tómsundanámskeið.

Þá hefur félagið verið í samstarfi við önnur stéttarfélög á Norðurlandi vestra og Farskóla NV boðið upp á afmörkuð námskeið sem eru ókeypis fyrir félagsmenn.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2019-2020 og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Þó hefur aðeins orðið breyting hjá þeim félagsmönnum sem starfa við ferðaþjónustu í kjölfar covid-19 faraldursins en ekkert í líkingu við það sem er annars staðar í samfélaginu, kannski vegna þess að ferðaþjónusta hefur ekki verið sá burðarás í atvinnulífi hér og annars staðar. Verzlunarmannafélagið hefur ekki þurft að lýsa kröfu í þrotabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið í þessari flóru.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð vel fyrir sig á þessu tímabili. Of mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir töxtum sérstaklega í verslun. Laun hjá skrifstofufólki eru hins vegar mun betri og í langflestum tilfellum er verið að greiða yfir töxtum þar.

Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar. Einnig eru Olíufélögin stór atvinnurekandi á svæðinu.

Annað:

Félagið er í samstarfi við Ölduna stéttarfélag varðandi þjónustu við félagsmenn. Starfsfólk skrifstofunnar sér um allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félögin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu

www.stettarfelag.is

Verkalýðsfélag Vestfirðinga, deild verslunarmanna



Virkt afli á vinnuarkaði

Fjöldi félagsmanna og skipting (miðað við 31. desember 2020)

Verkalýðsfélag Vestfirðinga er deildarskipt félag með aðild að SGS, LÍV, SSÍ og Samiðn. Meðalfjöldi greiðandi félagsmanna í Verslunardeild Verk Vest fyrir árið 2020 voru 314 og gjaldfrjálsir 23. Fækkar því um 19 í deildinni, voru 358 árið 2018. Heildar(meðal)fjöldi greiðandi félagsmanna í öllum deildum félagsins árið 2020 var 2.071 en 2.303 með gjaldfrjálsnum sem njóta áfram ýmissa réttinda hjá félaginu.

Landsamband Bein aðild	Greiðandi félagar ALLIR			Par af yngri en 35 ára			Greiðandi Samtals:	Gjaldfrjálsir félagar			Heildarfj. Samtals:
	Karlar	Konur	Annað	Karlar	Konur	Annað		Karlar	Konur	Annað	
Félag (SGS)	734	858	0	327	349	0	1592	74	128	0	1794
Verslunarmannadeild	125	189	0	69	75	0	314	5	18	0	337
Iðnaðarmannadeild	20	1	0	6	1	0	21	0	0	0	21
Sjómannadeild	141	3	0	59	0	0	144	7	0	0	151

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið rekur tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Hafnarstræti 9 á Ísafirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.09.30 – 15.00 eftir að samdist um styttingu vinnuvikunnar hjá verslunar og skrifstofufólki. Fjöldi starfsmanna á Ísafirði eru 6 og vistar skrifstofa félagsins einnig ráðgjafa Virk á Vestfjörðum í 1 stöðugildi. Félagið er einnig með útibú í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar sem opið er alla daga frá kl. 09.30 – 15.00.

Heildariðgjöld og fjármagnstekjur voru 290,3 mkr. og rekstrargjöld voru 279,2 mkr. árið 2020.

Formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga er Finnþógi Sveinbjörnsson.

Formaður deildar verslunarmanna er Margrét J. Birkisdóttir.

Félagsstarf og fundir

Félagsstjórn fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar, en vegna Covid og samkomutakmarkana hafa vinnustaðaheimsóknir nánast alveg legið niðri.

Starfsemi sjúkrasjóðs

Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010. Vega umsóknir um dagpeninga þungst verulega það sem af er ársins 2021. Sýnir samanburður fyrstu 9 mán. 2021 við sama tímabil 2020 um 39% hækkun sjúkradagpeninga milli ára. Þá eru félagsmenn félagsmenn duglegir að nýta iðgjaldartengda styrki og hafa greiðslur styrkja aukist um 54% milli ára sem er algjör sprenging milli ára. Rétt er að benda á í því samhengi að í Covid fárinu 2020 lækkuðu styrkgreiðslur úr sjóðnum umtalsvert milli áranna 2019 og 2020.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur sjö orlofsíbúðir í Reykjavík og eina íbúð á Akureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarsstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með alls 10 sumarhúsum. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélög í Arenales del sol við Alicante á Spáni. Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskarði og Ölfusborgum. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2020 voru 53,6 mkr. og rekstrargjöld 51,9 mkr.

Atvinnumál á félagssvæðinu:

Smærri verslunar- og þjónustufyrirtæki eiga undir högg að sækja og hefur störfum sem falla undir kjarasamning LÍV ekki fjölgað. Eftir að félagið fór í nokkurt átak að leiðrétta skráningu félagsmanna fækkaði aðeins í deildinni. Á sama tíma kom í ljós að enn eru brögð á því að þeir sem vinna á starfssvæði verslunardeildar félagsins skv. kjarasamningi LÍV greiði enn iðgjöld til

VR og sniðgangi deildina hjá félaginu. Félagið hefur ítrekað þurft að beina þeim skilaboðum til atvinnurekanda að VR eigi ekki félagssvæði á Vestfjörðum.

Fræðslumál:

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna eru haldin hjá félaginu. Kjaramálanámskeið ásamt námskeiðahaldi um starfsemi og hlutverk stéttarféлага fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð eru einnig hluti af árlegri starfsemi félagsins. Þá er félagið þátttakandi í samstarfsnámskeiðum með Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Útgáfu og kynningarmál:

Félagið hefur hætt útgáfu á fréttablaði en heldur úti heimsíðu, Fésbókar- og Instagramsíðum ásamt útgáfu kynningarbæklings um starfsemi félags. Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu en félagið hefur einnig verið með kynningar í grunn- og framhaldsskólum á svæðinu.

Annað:

Stjórn Verk Vest telur að LÍV verði að setja á oddinn samstarf við önnur landssambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök og kjaraviðræður á vettvangi ASÍ félaganna undanfarin ár hafa staðfest að við verðum að taka á þessum skipulagsmálum félagsmönnum okkar til heilla.

Verkalýðsfélag Snæfellinga, deild verslunarmanna



Þróun félagsmannafjölda:

Félögum í verslunardeild verkalýðsfélags Snæfellinga hefur fækkað milli ára, skýrist að miklu leyti á því að þjónusta á nesinu dróst verulega saman með fækkun ferðamanna. Árið 2019 voru ársverkin 66 en árið 2020 einungis 59.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Verslunardeild verkalýðsfélags Snæfellinga er ekki haldið sér í bókhaldi félagsins, verslunarmenn eru hluti félaga í VERKS. Eins og sést í ársreikningum félagsins var rekstur félagsins góður á árinu 2020. Félagið er með aðalskrifstofu í Ólafsvík en rekur einnig skrifstofur í Grundarfirði og Stykkishólmi.

Formaður Verkalýðsfélags Snæfellinga er Vignir S. Maríasson.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Ólöf Ingibjörg Hallbergsdóttir.

Félagsstarf og fundir:

Haldnir voru 11 stjórnarfundir í félaginu auk aðalfundar. Ekki voru sérstakir fundir verslunardeildar á árinu.

Sjúkrasjóður:

Starfsmaður félagsins fer yfir umsóknir og afgreiðir samkvæmt reglum félagsins, ef vafi er á afgreiðslu kallar starfsmaður stjórnina saman, styrkir eru greiddir út um mánaðarmót. Merkja má lítilsháttar aukningu á umsóknum um dagpeninga á þessu ári (2021). Eiginfjárstaða sjóðsins er sterk og skilaði afgangi árin 2019 og 2020.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á og rekur 4 íbúðir í Kópavogi og eina í Reykjavík, einnig á félagið 2 sumarhúsa, í Svignaskarði og Brekkuskógi. Félagið á líka ¼ hlut í Altomar sem er hlutafélag í eigu fjögurra félaga sem reka saman leiguíbúð á Spáni.

Rekstur orlofssjóðs hefur verið góður síðustu 2 ár.

Fræðslumál:

Félagar í verslunardeild VERKS greiða í starfsmennt. Mjög lítið hefur verið um að sótt sé um styrki til starfsnáms eða tómtunda innan deildarinnar eða 2 til 4 á ári.

Atvinnumál svæðisins:

Á svæðinu er næg atvinna í boði og er mikið um erlent farandverkafólk. Atvinnuleysi hefur minkað hratt á þessu ári eftir að ferðamenn fóru að streyma aftur til landsins, enn vantar starfsfólk í þann geira.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við verslunareigendur og rekendur á svæðinu eru með ágætum og engu yfir að kvarta með það. Eftirlit hér hefur verið eins virkt og hægt var að hafa það í heimsfaraldri.

Stéttarfélagið Samstaða, deild verslunarmanna



Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmenn Stf. Samstöðu sem voru greiðandi 31. Des. 2020 ásamt gjaldfrjálsum (sjá skýrslu ASÍ) voru í 756 sem er smá fækkun. Í deild verslunarmanna voru 75 þar af 8 gjaldfrjálsir.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Félagið er með aðalskriftstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, og er í eigin húsnæði. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leigu húsnæði og þar er starfsmaður í 20% starfi. Rekstur félagsins er með sama hætti og undanfarin ár og vísast þar í ársreikninga félagsins.

Formaður Stéttarfélagsins Samstöðu er Guðmundur Finnbogason.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Vigdís Edda Guðbrandsdóttir.

Félagsstarf og fundir:

Stjórnarfundir eru alla jafna einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni t.d. fundað oftast þegar kjarasamningar eru í gangi.

Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

Sjúkrasjóður:

Rekstur sjúkrasjóðs var þungur árið 2020 og var þar nokkur munur milli ára.

Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar.

Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til aðalstjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt.

Vísað er að öðru leytið í lög sjúkrasjóðs Stf. Samstöðu.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og endurleigt sínum félagsmönnum.

Sl. Sumur hafa verið þrjú valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarstöðum á Héraði, Flúðir og 8 vikur í húsi í Borgarfirði.

Fræðslumál:

Hefðbundin trúnaðarmannanámskeið sem hafa verið haldin í samvinnu við Ölduna stf. í Skagafirði féllu niður vegna covid. Boðið var uppá rafræn námskeið í staðinn en lítil þáttaka var hér og enginn verslunarmaður sem nýtti sér það.

En margir félagsmenn nýttu sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Félagið bauð uppá tólmstundanámskeið fyrir sína félagsmenn endurgjaldslaust eins og undangarin ár og voru þau vel sótt.

Þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi og fólk er duglegt að nýta sér starfsmenntasjóðina sem Stéttarfélagið er aðili að.

Atvinnumál svæðisins:

Á þessu atvinnusvæði eins og annarsstaðar gætti áhrifa covid og jókst atvinnuleysi hér allnokkuð. Úr því hefur dregið verulega og heyrir jafnvel að vanti fólk til ákveðinna starfa.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur eru í heildina lítið frekar góð og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt. Félagið er með vinnueftirlitsfulltrúa sem fer um svæðið ásamt fulltrúa sem ráðinn var sameiginlega fyrir Norðurlandið.

Verkalýðsfélag Þórshafnar



Þróun félagsmannafjölda:

Félagsmenn á árinu 2020 eru 13 og hefur þessi fjöldi verið svipaður síðastu ár. Af þessum 13 einstaklingum eru 92% konur. Atvinnuástand er gott.

Rekstur félagsins og húsnæði:

Rekstur deildarinnar er í umsjón Verkalýðsfélags Þórshafnar, að Langasvegi 2, 680 Þórshöfn. Þar starfar einn starfsmaður á skristofu og heldur utan um rekstur félagsins.

Formaður Verkalýðsfélags Þórshafnar og deildar verslunar- og skrifstofufólks er Svala Sævarsdóttir.

Félagsstarf og fundir:

Deild verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar heldur árlega aðalfund en þar fyrir utan er deildinn þáttakandi í starfssemi Verkalýðsfélags Þórshafnar sem heldur hádegisverðarfundi, fundi í trúnaðarráði og aðra félagsfundi.

Sjúkrasjóður:

Sjúkrasjóðurinn er nokkuð hefðbundinn sjúkrasjóður og hafa úthlutanir úr honum verið svipaðar undanfarin ár. Félagsmenn eru mikið að nýta sér einstaka flokka s.s. sjúkraþjálfun, nudd, gleraugnastyrki, krabbameinsskoðanir og íþróttastyrki. Þá eru félagsmenn sem stunda reglubunda hreyfingu í íþróttahúsinu á Þórshöfn að gera það með styrk úr sjúkrasjóðnum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Félagsmenn deildar verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa fullan aðgang að Orlofssjóði Verkalýðsfélags Þórshafnar. Orlofssjóðurinn á 2 hús í Kjarnaskógi við Akureyri sem eru vel nýtt. Á sumrin hefur félagið verið í samstarfi við Framsýn á Húsavík um sumarhús og getur því boðið félagsmönnum sínum sumarhús vítt og breitt um landið fyrir sumartímann. Þá hafa félagsmenn verið durlegir að nýta sér aðra kosti sem orlofssjóður hefur uppá að bjóða. Þar er helst að nefna niðurgreiðslu á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur sem félagið býður upp á í samstarfi við Framsýn á Húsavík en einning niðurgreiðslu á hótelum og tjaldsvæðastyrki.

Fræðslumál:

Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur umsjón með trúðarmannafræðslu, öðrum námskeiðum og sér um að greiða styrki úr starfsmenntasjóði.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnuástand hefur verið gott á félagssvæðinu hjá verslunarfólki og litið um atvinnuleysi.

Samskipti við atvinnurekendur:

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagins vel nýtt.

AFL Starfsgreinafélag



Þróun félagsmannafjölda AFLs:

	Greiðandi		Gjaldfrjálsir			Heildar fjöldi	
	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Samtals	
2019	140	270	410	9	29	38	448
2020	126	238	364	12	34	46	410

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í jafnvægi og traustur. Félagið rekur 31 þjónuskrifstofur á félagssvæðinu eftir að skrifstofa félagsins á Seyðisfirði fór í hafið í skriðföllum. Hjá félaginu starfa 16 starfsmenn í liðlega 12 stöðugildum þar af eru 3 Virk ráðgjafar í 2,3 stöðugildum

Formaður AFLs er Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Lars Jóhann Andrésson Imsland.

Félagsstarf og fundir

Verslunar- og skrifstofudeildin er ein af fjórum deildum félagsins. Deildin er þátttakandi í félagsstarfi heildarfélagsins og sinnir einnig sér málum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt ýmsir viðburðir. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum aðalstjórn félagsins ca 10 sinnum á ári. Frá síðasta þingi hefur félagsstarf verið á hliðinni vegna faraldrar en vonir standa til þess að það horfi til betri vegar

Sjúkrasjóður.

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki. Greiðslur sjúkradagpeninga eru 85% af launum. Þakið stendur núna í tæplega 1100 þúsundum á mánuði. Í styrkjum eru þyngstir styrkir vegna læknisferða út fyrir svæðið auk sjúkrapjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja. Töluverðar sveiflur eru í greiðslum úr sjúkrasjóði milli ára, bæði í sjúkradagpeningum og styrkjum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem orlofsnotkun og ekki síður sem sjúkranotkun, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s ódýrari gistingu á hótél, útilegu- og veiðikort og fleira.

Fræðslumál

Félagið er í nánú samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand á svæðinu er að færast í eðlilegt horf eftir því sem ástandið í covid málum lagast.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru í ákveðnum farvegi. Í venjulegu árferði stendur félagið fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti í samstarfi við ASÍ.

Annað

Vinna í og við kjarasamninga deildarinnar hefur verið í góðu samstarfi við LÍV og var ekki breyting þar á í síðustu samningum.

Framsýn stéttarfélag



Þróun félagsmannafjölda

Heildarfjöldi félagsmanna um síðustu áramót var samtals 2.908. Félagið er deildaskipt. Innan Deildar verslunar- og skrifstofufólk eru 319 félagsmenn.

FRAMSÝN

Rekstur félagsins og húsnæði:

Fjárhagsleg afkoma félagsins var mjög góð á árinu 2020 þrátt fyrir erfitt rekstrarár hjá mörgum fyrirtækjum á tímum Covid og fækkun félagsmanna milli ára sem rekja má til samdráttar í atvinnulífinu vegna heimsfaraldursins. Í árslok 2020 var tekjuafgangur félagsins kr. 111 milljónir en var kr. 114 milljónir árið 2019. Heildareignir félagsins námu kr. 2.269 milljónum í árslok 2020 samanborið við kr. 2.146 milljónir í árslok 2019.

Formaður Framsýnar er Aðalsteinn Árni Baldursson.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Elva Héðinsdóttir.

Félagsstarf og fundir:

Félagið hélt úti öflugum félagsstarfi sem tók reyndar mið af ástandinu í þjóðfélaginu. Fundað var reglulega í félaginu og deildum þess s.s. Deild verslunar- og skrifstofufólks. Flestir fundirnir voru rafrænir auk þess sem félagið bauð upp á rafræn námskeið fyrir félagsmenn í samstarfi við fræðsluaðila sem þeir voru nokkuð duglegir að nýta sér.

Sjúkrasjóður:

Á árinu 2020 voru 1.085 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði félagsins en voru 1.427 árið 2019. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 68.530.811,-. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 77.257.643,-. Samkvæmt þessari niðurstöðu varð þó nokkur lækkun á greiðslum úr sjúkrasjóði milli ára eða sem nemur um 11,3%.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa:

Rekstur orlofshúsa á vegum félagsins hefur gengið vel og staða orlofssjóðs er með miklum ágætum. Framsýn samþykkti að lækka leiguverð á orlofshúsum og íbúðum sumarið 2020 úr kr. 28.000,- í kr. 20.000,-. Einnig var ákveðið að auka niðurgreiðslur til félagsmanna vegna dvalar á tjaldsvæðum. Þannig vildi félagið koma til móts við félagsmenn sem margir hverjir hafa orðið fyrir verulegum tekjuskerðingum vegna Covid-19. Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótélum á vegum félagsins. Til viðbótar gafst félagsmönnum kostur á að kaupa gistimiða og ódýr flugfargjöld með Flugfélaginu Erni á flugleiðinni Húsavík - Reykjavík. Verðið hefur verið kr. 10.300,- per flugmiða. Ekki er ólíklegt að forsendan fyrir áætlunarflugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur væri ekki til staðar nema vegna samnings Framsýnar við flugfélagið. Kæmi ekki til þessa samkomulags væri farþegafjöldinn ekki sá sami og hann hefur verið allt frá því að gengið var frá samkomulaginu á sínum tíma.

Fræðslumál:

Fræðslustarfsemi á vegum félagsins hefur að mestu legið niðri vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sem eru þekktar. Þess í stað hafa félagsmenn verið nokkuð duglegir við að sækja sér rafræna þekkingu og fræðslu í gegnum fræðsluaðila sem boðið hafa upp á slík námskeið. Ekki síst vegna niðurgreiðslna frá kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum hefur þessi leið verið framkvæmanleg fyrir almenna félagsmenn sem margir hverjir hafa orðið fyrir töluverðum kjaraskerðingum vegna samdráttar í atvinnulífinu.

Atvinnumál svæðisins:

Atvinnuástandið hefur tekið mið af ástandinu í þjóðfélaginu og var á árinu 2020 í sögulegu hámarki á félagssvæði Framsýnar. Um tvö til þrjú hundruð félagsmenn voru að jafnaði atvinnulausir á félagssvæðinu eða á svokallaðri hlutabótaleið stjórnvalda á árinu 2020. Ferðapjónustan hrundi og þjónustufyrirtæki tengd ferðapjónustu hafa átt mjög erfitt uppdráttar.

Sem betur fer hafa aðrar greinar s.s. sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður staðið nokkuð vel þrátt fyrir heimsfaraldurinn.

Samskipti við atvinnurekendur:

Á þessum sérstöku og erfiðu tímum hafa fyrirtæki og sveitarfélög kappkostað að eiga gott samstarf við Framsýn um málefni starfsmanna og stöðuna almennt. Leitað hefur verið eftir samstarfi, ráðgjöf og þjónustu hjá félaginu. Að sjálfsögðu hefur Framsýn orðið við óskum viðkomandi aðila um gott samstarf. Forsvarsmenn fyrirtækja hafa jafnframt verið í sambandi við Framsýn vegna slæmrar skuldastöðu og óskað eftir skilningi á stöðunni varðandi skil á kjarasamningsbundnum gjöldum til félagsins. Framsýn hefur haft fullan skilning á vandanum og hefur leitast við að eiga gott samstarf við viðkomandi fyrirtæki varðandi lausn mála. Framsýn hefur ekki síst lagt mikið upp úr þessu samstarfi til að tryggja stöðu félagsmanna auk þess að aðstoða þá eftir þörfum við að innheimta ógreidd laun vegna gjaldþrota fyrirtækja hjá Ábyrgðarsjóði launa.

Annað:

Framsýn stendur afar vel um þessar mundir. Styrkur félagsins kemur ekki síst fram í góðri þjónustu við félagsmenn, góðu aðgengi að sjóðum félagsins, öflugum starfsmenntastyrkjum og öðru því sem er í boði á vegum félagsins eins og orlofshúsum, orlofsíbúðum, hótelum og mjög ódýru flugi um Húsavíkurflugvöll. Aðkoma félagsmanna að þessari þjónustu og styrkjum færir félagsmönnum á hverju ári milljóna tugi. Það er góð kjarabót að vera félagsmaður í stéttarfélagi. Í starfi stéttarfélaga er mikilvægt að sinna góðu upplýsingastreymi til félagsmanna. Framsýn verður ekki sakað um að sinna því ekki. Félagið heldur úti heimasíðu og gefur reglulega út fréttabréf sem ætlað er að miðla upplýsingum til félagsmanna um réttindi þeirra og fréttir af starfseminni sem sjaldan eða aldrei hefur verið eins öflug og um þessar mundir.

Hvernig byggja menn upp öflugt stéttarfélag til að ná fram þessum markmiðum? Það gera menn best með virkum félagsmönnum, hæfu starfsfólki og öflugri stjórn, trúnaðarráði, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og ungliðastarfi. Fólki sem er tilbúið að takast á við krefjandi störf félagsins á hverjum tíma og gefa allt í starfið. Það er ekki dagvinna að reka stéttarfélag svo vel fari. Þess í stað verða menn að standa vaktina í 24 tíma á sólarhring. Þegar þessir þættir spila saman eins og góð hljómsveit verður til öflugt stéttarfélag félagsmönnum og samfélaginu til hagsbóta. Höfum í huga að það er ekki sjálfgefið að eiga aðild að öflugum stéttarfélagi.

Stéttarfélag Vesturlands



Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn skiptast þannig eftir kynjum karlar 634, konur 555, alls 1189.

Alls greiddu 1532 einstaklingar iðgjöld til félagsins árið 2020, þar af voru 1040 fullgildir greiðendur, en 492 greiddu í minna en sex mánuði á árinu. Gjaldfrjálsir félagar voru alls 149.

Félagsmenn skiptast þannig milli þeirra landssambanda sem félagið er aðili að:

	<i>Stéttvest</i> 31.12.20	<i>Stéttvest</i> 31.12.19	<i>Stéttvest</i> 31.12.18	<i>Stéttvest</i> 31.12.17	<i>Stéttvest</i> 31.12.16
Starfsgreinasamband Íslands	996	957	1040	1050	1110
Landssamband íslenskra verslunarmanna	154	134	143	206	150
Samiðn, samband iðnfélaga	39	38	36	44	42
<i>Samtals</i>	1189	1129	1219	1300	1302

Eins og sést á töflunni sem birt er hér að ofan, hefur nokkur síðustu ár verið jafnvægi í fjölda félagsmanna. Milli árána 2019 og 2020 fækkað þeim enn sem greiða til félagsins í minna en 6 mánuði, en fullgildum félögum fjölga um 60.

Rekstur félagsins og húsnæði

Heildariðgjaldtekjur milli árána 2019 og 2020 standa nánast í stað. Tekjur Félags og Orlofssjóðs minnka en hækkað framlag sveitarfélaganna í Sjúkrasjóð samkvæmt kjarasamningi veldur því að tekjur hans aukast lítillega. Heildarbreytingin er innan við 1 %. Allir sjóðir félagsins skila neikvæðum rekstri árið 2020. Eftir fjögur jákvæð ár var Félagssjóður nú neikvæður um tæpar 2,2 millj. kr. Sjúkrasjóður er neikvæður um tæpar 4,5 millj. kr. og Orlofssjóður um nær 1,5 millj. kr. Samstæðan var alls neikvæð um rúmar 8,1 millj. kr.

Orlofssjóður á tvö orlofshús í Húsafelli og á auk þeirra hús í Ölfusborgum. Sjóðurinn hefur átt frá því í ársbyrjun 2011 glæsilega íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík. Í ársbyrjun 2016 var keypt 110 fermetra íbúð á Akureyri í nýju fjölbýlishúsi að Ásatúni 26, hún er því tvöfalt stærri en gamla íbúðin í Furulundinum.

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hús hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald. Á árinu 2020 hefur verið ráðist í tölverðar breytingar á húsnæði félagsins við Sæunnargötu, bætt vinnuaðstaða, starfsmannaaðstaða og hljóðvist, sem hefur ekki verið í lagi síðan byggt var við húsið.

Félagið á tvö ágæt skrifstofuherbergi í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, að Miðbraut 11, eða samtals um 5% af heildareigninni, þau eru nú í fastri leigu til Dalabyggðar.

Formaður Stéttarfélags Vesturlands er Signý Jóhannesdóttir.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er María Hrund Guðmundsdóttir.

Félagssjóður:

Rekstrarniðurstaða sjóðsins var neikvæð árið 2020 um tæpar 2,2 millj. eins og áður sagði. Árið 2019 var afgangurinn rúm 500 þús. Miðað við þann gríðarlega samdrátt sem varð í ferðapjónustunni á svæðinu vegna Covid 19, þá hefði jafnvel mátt búast við meiri niðursveiflu í tekjum. Eigið fé Félagssjóðs að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 38,9 millj. kr. en var 41,1 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé til rekstrar nam 2,2 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé drógst saman um 13,4 millj. kr. á árinu. Handbært fé Félagssjóðs í árslok nam 9,6 millj. kr.

Félagsstarf og fundir

Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands var haldinn í Hjálmakletti miðvikudaginn 27. maí 2020. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi að Jakob Hermannsson kom inn í aðalstjórn sem meðstjórnadi í stað Eiríks Þórs Theodórssonar, sem sagt hafði sig úr stjórn. Einar Reynisson tók sæti Jakobs sem formaður lónaðar- mannvirkja og stóriðjudeildar. Þorvaldur Ásberg Kristbergsson tók sæti Francois E. T. Cales sem formaður lónsveinadeildar.

Trúnaðarráð félagsins hélt 4 fundi á árinu og stjórnarfundir voru 7. Flestir þessir fundir voru í fjarfundi eða blandaðir á staðnum og í fjarfundabúnaði. Fulltrúar félagsins sóttu fundi landssambandanna sem félagið á aðild að flesta í fjarfundi. Fundir lífeyrissjóðanna voru mun fámennari en venja er, þ.s. fulltrúum var fækkað út af Covid 19. Þing ASÍ var haldið einn dag í fjarfundi og svo var því frestað til vors 2021 og hefur nú verið frestað aftur til hausts.

Sameiginlegur aðalfundur deilda félagsins var haldinn 20. maí í Hjálmakletti. Á fundinn mætti Tómas Bjarnason frá Gallup og kynnti niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var haustið 2019

Sjúkrasjóður

Rekstrarniðurstaða ársins 2020 var neikvæð um 4,5 millj. kr. en var neikvæð um 2,1 millj. kr árið 2019. Eigið fé sjóðsins í árslok 2020 nam 172,5 millj. kr. en var 177 millj. kr. í árslok 2019. Veltufé til rekstrar nam 3,5 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé drógst samana um 13,1 millj. kr. á árinu. Handbært fé Sjúkrasjóðs í árslok nam 132,4 millj. kr. en var 145,5 millj. kr. í árslok 2019. Gerð var úttekt á stöðu Sjúkrasjóðs miðað við árslok 2018 af Davíð Búa Halldórssyni hjá ENOR í samræmi við breytt lög ASÍ. Umræður innan ASÍ um gildi slíkra úttekta á gegnumstreymissjóðum, eins og sjúkrasjóðir eru í eðli sínu, gerði það að verkum að reglurnar um úttekt á sjóðunum voru einfaldaðar. Skoðun ENOR byggir á þróun sjúkrasjóðsins á 5 ára tímabili þ.e. 2013 – 2018 og niðurstöðurnar gefa til kynna að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum við sjóðfélaga.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Rekstrarhalli var á Orlofssjóði árið 2020 tæpar 1,5 millj. kr. en rekstrarhalli Orlofssjóðs árið 2019 tæpar 800 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 77,2 millj. kr. en 78,6 millj. kr. árið á undan. Orlofssjóður fékk að láni í ársbyrjun 2016 20 millj. kr. frá Sjúkrasjóði vegna kaupa á Ásatúni 26 á Akureyri, Það lán var til 5 ára, verðtryggt með 4% vöxtum. Handbært fé lækkaði um 1,9 millj. kr. á árinu. Handbært fé Orlofssjóðs í árslok nam 5,6 millj. kr. en var 7,5 millj. kr. í árslok 2019.

Fræðslumál

Á árinu 2020 var heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 126 (118) (113). Af þeim fjölda fóru 42 (41) (57) styrkir til karla en 84 (77) (56) styrkir til kvenna.

Á árinu 2020 jukust umsóknir hjá öllum starfsmenntasjóðum nema eigin sjóði en upphæðirnar hækkuðu. Möguleiki er að þessi rýmkun hjá Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt hafi haft áhrif og þá eru enn ótalin námskeiðin sem eru frí og ekki til tölur yfir hve margir eru að nýta sér þau hjá Stéttarfélagi Vesturlands. Þó má alltaf gera betur og tilvalið að kynna sér og hvetja aðra til að sjá hvað hver sjóður hefur upp á að bjóða og muna eftir að nýta sér styrkina.

Ný heimasíða Stéttarfélags Vesturlands var kynnt í apríl 2019 fyrir félagsmönnum og hefur hún gefist vel. Síðan er þó í stöðugri þróun í takt við ábendingar sem koma frá notendum sem og starfsmönnum. Aftur var ákvörðun tekin um að gefa ekki út Félagsfréttir árið 2020 heldur virkja síðuna betur sem og Facebook síðu félagsins.

Orlofskostir voru kynntir í gegnum heimasíðuna og þurftu allar umsóknir að þessu sinni að fara í gegnum orlofsvefinn og gekk það vonum framár.

Atvinnumál svæðisins

Segja má að árið 2020 hafi verið með álíkindum á allan hátt. Eftir að hafa séð samdrátt haustið 2019, þjuggumst við hrúni bæði í iðgjöldum og félagsmannafjölda árið 2020 eftir að Covid faraldurinn skall á. Vissulega fækkar farandverkafólki, en þeim sem ná að greiða í meira en sex mánuði fjölgar. Eins sjáum við að þó svo mikill samdráttur hafi verið í ferðaþjónustunni þá er uppgangur í verslun og bygginga- og mannvirkjagerð. Iðnsveinadeildin er orðin mjög lítil en standur núna nokkuð í stað. Fækkunin má að öllum líkindum rekja til þess að iðnsveinar geta valið landsfélag sem hefur lægri iðgjöld en félagið okkar. Ef til vill eru þetta vísbending um breytingar á skipulagi ASÍ, sem verða án beinnar ákvarðanatöku.

Samskipti við atvinnurekendur

Kappkostað að eiga upplýsandi og góð samskipti við atvinnurekendur á svæðinu með það að leiðarljósi að efla traust á milli aðila.